

Ú R S K U R Ð U R

Héraðsdóms Reykjavíkur mánudaginn 29. nóvember 2010 í máli nr. X-75/2010:

Sveinn Andri Sveinsson

(Guðmundur Ingi Sigurðsson hdl.)

gegn

Sparisjóðabanka Íslands hf.

(Berglind Svavarsdóttir hrl.)

I

Mál þetta sem þingfest var 8. júní 2010 var tekið til úrskurðar 2. nóvember 2010. Sóknaraðili er Sveinn Andri Sveinsson, Reynilundi 6, Garðabæ, en varnaraðili er Sparisjóðabanki Íslands hf., Rauðarárstíg 27, Reykjavík.

Sóknaraðili krefst þess að viðurkennt verði að launakrafa hans að fjárhæð 4.518.978 krónur sem lýst var fyrir slitastjórn varnaraðila með bréfi dagsettu 1. september 2009 sé forgangskrafa í skilningi 112. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl., sbr. 3. mgr. 102. gr. laga nr. 161/2001 um fjármálafyrirtæki. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar úr hendi varnaraðila að viðbættum virðisaukaskatti.

Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað og að staðfest verði sú niðurstaða varnaraðila að krafa sóknaraðila að fjárhæð 4.518.978 krónur njóti rétt hæðar sem almenn krafa við slitameðferð varnaraðila. Þá krefst varnaraðili málskostnaðar úr hendi sóknaraðila að viðbættum virðisaukaskatti.

II

Atvik máls eru þau að sóknaraðili var ráðinn til starfa hjá varnaraðila sem framkvæmdastjóri fjármála- og upplýsingatæknisviðs með ráðningarsamningi, dagsettum 14. janúar 2008, og hóf hann störf 9. janúar 2008. Samkvæmt ráðningarsamningnum heyrði hann beint undir bankastjóra samkvæmt skipuriti bankans. Í 2. gr. ráðningarsamningsins eru talin upp helstu verkefni sóknaraðila.

Hann skyldi stjórna daglegri starfsemi bankans í þeim málaflokkum sem undir fjármála- og upplýsingatæknisviðið féllu samkvæmt skipuriti bankans og í samræmi við stefnu hans og markmið hverju sinni. Þá skyldi hann taka þátt í að móta stefnu bankans, markmið og áætlanir á sviðinu og hrinda þeim í framkvæmd. Hann skyldi sinna samskiptum við viðskiptamenn og afla nýrra, hafa frumkvæði að nýjungum, bæta þjónustuna og auka hagkvæmni í starfseminni. Þá átti hann að taka þátt í að móta verklagsreglur og verkferla á sviðinu og sinna starfsmanna stjórnun á því í samræmi við stefnu bankans í starfsmannamálum og í náinni samvinnu við starfsmannaþjónustu bankans.

Mánaðarlaun sóknaraðila við undirskrift ráðningarsamningsins voru 1.200.000 krónur auk þess sem hann fékk bifreið til afnota og ýmis önnur hlunnindi. Með ráðningarsamningnum fylgdi viðauki með stöðluðum samningsákvæðum sem giltu í öllum ráðningarsamböndum varnaraðila.

Sem framkvæmdastjóri fjármála- og upplýsingatæknisviðs sat sóknaraðili framkvæmdastjórafundi bankans sem haldnir voru reglulega og hann sat einnig í fjármálanefnd bankans.

Hinn 21. mars 2009 ákvað Fjármálaeftirlitið að taka yfir vald hluthafafundar varnaraðila og víkja stjórn hans frá störfum og skipa honum skilanevnd í samræmi við 100. gr. a laga nr. 161/2002 um fjármála fyrirtæki, sbr. 5. gr. laga nr. 125/2008 um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl. Var varnaraðila veitt heimild til greiðslustöðvunar 23. mars 2009 sem standa átti til 15. júní 2009 en áður en sá tími var á enda var varnaraðila skipuð slitastjórn hinn 19. maí 2009 samkvæmt 4. mgr. 101. gr. laga nr. 161/2002, sbr. 5. gr. laga nr. 44/2009 og 4. tölulið ákvæðis II til bráðabirgða við þau lög.

Skilanevnd varnaraðila vék þáverandi bankastjóra varnaraðila frá störfum og réði sóknaraðila tímabundið í starf bankastjóra með ráðningarsamningi 2. apríl 2009. Með samningnum var sóknaraðila jafnframt veitt leyfi frá störfum framkvæmdastjóra fjármála- og upplýsingatæknisviðs. Samkvæmt samningnum var ráðningartími sóknaraðila út greiðslustöðvunartímann eða til 15. júní 2009 en við þau starfslok skyldi hann taka á ný við starfi sínu sem framkvæmdastjóri á fjármála- og upplýsingatæknisviði bankans. Með bréfi 20. apríl 2009 sagði skilanevnd varnaraðila sóknaraðila upp störfum frá og með þeim degi að telja og var ekki óskað eftir vinnuframlagi af hans hálfu á uppsagnarfresti en ekki var tekið fram í bréfinu hvort átt væri við stöðu sóknaraðila sem framkvæmdastjóra fjármála- og upplýsingatæknisviðs eða stöðu hans sem bankastjóra. Með bréfi 28. apríl 2009 sagði skilanevnd varnaraðila sóknaraðila svo upp starfi framkvæmdastjóra með formlegum hætti frá 15. júní 2009 að telja og var honum jafnframt tilkynnt að með vísan til bókonar skilanevndar yrðu efndar þær skuldbindingar sem stofnað hafi verið til á greiðslustöðvunartíma samkvæmt hinum tímabundna

ráðningarsamningi. Þá var tekið fram að launagreiðslur og önnur starfstengd hlunnindi samkvæmt ráðningarsamningi myndu falla niður frá 15. júní 2009 að telja og að skilanefnd líti svo á að fyrrum bankastjórar og framkvæmdastjórar njóti ekki forgangsréttar til launa með vísan til þágildandi 3. mgr. 112. gr. laga nr. 21/1991. Sóknaraðili mótmælti framangreindri afstöðu skilanefndarinnar með bréfi, dagsettu 11. maí 2009.

Sóknaraðili lýsti kröfu sinni fyrir slitastjórn varnaraðila með kröfulýsingu 1. september 2009 þar sem krafa í heild ásamt kröfulýsingarkostnaði hljóðaði upp á 11.397.406 krónur og var kröfunni lýst sem forgangskröfu samkvæmt 112. gr. laga nr. 21/1991, sbr. 3. mgr. 102. gr. laga um fjármálafyrirtæki.

Hinn 19. nóvember 2009 tilkynnti slitastjórn varnaraðila lögmanni sóknaraðila í tölvupósti að kröfunni væri hafnað sem forgangskröfu með vísan til þágildandi 3. mgr. 112. gr. laga nr. 21/1991 en hún samþykkt sem almenn krafa með fyrirvara um laun og orlof í uppsagnarfresti og/eða reiknuðu endurgjaldi. Var afstöðu slitastjórnar mótmælt af hálfu sóknaraðila 3. desember 2009 með tölvupósti. Haldinn var sérstakur skiptafundur vegna kröfunnar en ekki varð leyst úr ágreiningi milli aðila og var ákveðið að vísa ágreiningnum til héraðsdóms í samræmi við 3. mgr. 120. gr. laga nr. 21/1991. Áður en til þess kom var leyst úr tölulegum ágreiningi milli aðila um orlofs- og lífeyrissjóðsgreiðslur og náðu aðilar saman um fjárhæð kröfunnar sem nemur alls 4.518.978 krónum en eftir stendur ágreiningur um hvar skipa skuli kröfunni í skuldaröð við slitameðferð varnaraðila. Var ágreiningnum svo vísað til Héraðsdóms Reykjavíkur með bréfi 15. apríl 2010.

III

Sóknaraðili telur kröfu sína falla undir 1.-4. töluliði 1. mgr. 112. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. þar sem kröfur hans um laun og annað endurgjald sem fallið hafi í gjalddaga á síðustu átján mánuðum fyrir frestdag og launagreiðslur á uppsagnarfresti auk orlofs- og lífeyrissjóðsgreiðslna skuli ganga framur almennum kröfum. Hafi slitastjórn hafnað kröfu sóknaraðila á grundvelli þágildandi 3. mgr. 112. gr. laga nr. 21/1991 en ákvæðið mæli fyrir um að þeir sem hafi átt sæti í stjórn eða haft með höndum framkvæmdastjórn félags eða stofnunar sem sé til gjaldþrotaskipta njóti ekki forgangsréttar. Í greinargerð sem fylgt hafi frumvarpi til þeirra laga sem síðan hafi orðið að lögum nr. 21/1991 hafi ákvæðið verið skýrt með því að lagt sé til að tekin verði upp regla að danskri fyrirmynd til að fyrirbyggja að forráðamenn gjaldþrota félaga og menn nákomnir þrotamanni geti notið forgangsréttar fyrir kröfum sínum um vinnulaun, laun í uppsagnarfresti og orlofsfé en sambærileg takmörkun hafi ekki verið í eldri lögum um gjaldþrota skipti sem stundum hafi leitt til óeðlilegrar niðurstöðu.

Sóknaraðili telur skilyrði ákvæðisins ekki geta átt við í sínu tilviki. Í því sambandi verði einkum að horfa til raunverulegra starfa sóknaraðila fyrir varnaraðila en ekki sé hægt að líta til afmarkaðra þátta við slíkt mat. Starfsheiti sóknaraðila geti því

ekki eitt ráðið því hvort starf hans teljist starf framkvæmdastjóra í skilningi ákvæðisins. Séu ýmis atriði er varði form og eðli starfs sóknaraðila talin leiða til þess að undantekningarregla 3. mgr. 112. gr. laga nr. 21/1991 verði ekki talin gilda um aðstöðu hans.

Í fyrsta lagi telur sóknaraðili að framkvæmdastjórarahugtakið í lögum um gjaldþrotaskipti þurfi að túlka með sama hætti og gert sé í ákvæðum hlutafélagalaga nr. 2/1995. Beri að líta til þess að sóknaraðili hafi ekki haft stöðu framkvæmdastjóra í skilningi 2. mgr. 68. gr. laganna og þess að það hafi verið stjórn varnaraðila, bankaráð, sem ráða hafi átt framkvæmdastjóra bankans sem nefnist „bankastjóri“. Hafi bankastjóri haft með höndum daglega stjórn bankans í samræmi við 13. og 15. gr. samþykktu varnaraðila. Það hafi því verið bankastjóri varnaraðila á hverjum tíma sem hafi gegnt stöðu framkvæmdastjóra í skilningi laga. Því til stuðnings megi benda á að sóknaraðili hafi verið ráðinn í starf sitt af bankastjóra en ekki bankaráði. Framkvæmdastjóri hlutafélags sé samkvæmt ákvæðum hlutafélagalaga ófær um að ráða aðra framkvæmdastjóra hjá viðkomandi félagi. Slíkt hvíli á herðum stjórnar félagsins samkvæmt 1. mgr. 65. gr. laga nr. 2/1995. Auk þessa hafi sóknaraðili ekki verið tilkynntur sem framkvæmdastjóri varnaraðila hjá hlutafélagaskrá á starfstímanum. Því sé ljóst að aðeins bankastjóri varnaraðila hafi getað talist framkvæmdastjóri í skilningi hlutafélagalaga og 3. mgr. 112. gr. laga nr. 21/1991.

Í öðru lagi telur sóknaraðili að hafa þurfi í huga við mat á því hvort sóknaraðili geti talist hafa gegnt stöðu framkvæmdastjóra í skilningi 3. mgr. 112. gr. laga nr. 21/1991 að hann hafi hafið störf hjá varnaraðila hinn 9. janúar 2008 en þá hafi þegar átt sér stað allir þeir gjörningar sem síðar hafi leitt til falls varnaraðila. Sóknaraðili verði því með engu móti talinn hafa átt þátt í eða getað hafa haft áhrif á slíka gjörninga. Þvert á móti hafi hann átt þátt í að lækka rekstrarkostnað þeirra sviða bankans sem undir hann hafi heyrt ásamt því að sinna ýmsum verkefnum til að reyna að ráða bót á fjárhagsstöðunni. Því verði verndarhagsmunir 3. mgr. 112. gr. gjaldþrotaskiptalaganna ekki taldir eiga við um sóknaraðila. Ákvæðinu sé, eins og vikið sé að í greinargerð með frumvarpi til laganna, ætlað að varna því að æðstu stjórnendur og forráðamenn sem hafi átt þátt í því til dæmis með ákvörðunum sínum að félag yrði gjaldþrota kynnu að eiga forgang til launakrafna umfram aðra kröfuhafa. Þetta eigi ekki við um sóknaraðila enda sé vandséð að félögum væri ella gert mögulegt að fá til sín hæfa einstaklinga til að reyna að rétta af rekstur sinn ef ljóst væri að réttur slíkra starfsmanna til að fá laun á uppsagnarfresti væri fyrir fram fyrir borð borinn.

Í þriðja lagi bendir sóknaraðili á að hann hafi haft umsjón með fjármála- og upplýs-ingatæknisviði varnaraðila en það hafi verið eitt af mörgum stöðsviðum hjá varnaraðila og hafi sóknaraðili aðeins haft umsjón með daglegri starfsemi í þeim málaflokki bankans. Hafi slík umsjón aðeins verið lítið brot af heildarumsvifum bankans. Þannig hafi sóknaraðili ekki haft nein áhrif á ákvarðanatöku um útlán, fjármögnun eða aðra fjármálagæringa eða daglegan rekstur bankans. Hér verði

jafnframt að huga að því hvernig starfi sóknaraðila hafi í raun verið hagað á starfs tímum. Í því sambandi megi nefna að störf sóknaraðila hafi aðallega falist í samantekt á upplýsingum um fjármál varnaraðila en það hafi síðan verið hlutverk bankastjóra að vinna úr þeim upplýsingum sem sóknaraðili hafi tekið saman. Stefnunótun hafi verið af mjög skörum skammti á starfstímanum og lítið svigrúm fyrir nýjungar eða öflun nýrra viðskiptavina enda hefðu þegar hafist fjárhagslegar björgunaraðgerðir hjá varnaraðila þegar sóknaraðili hefði hafið þar störf. Hafi starf sóknaraðila því takmarkast við fjármála- og upplýsingatæknisvið hjá varnaraðila og með hliðsjón af því hvernig starfinu hafi raunverulega verið háttað geti starf hans ekki fallið undir ákvæði 3. mgr. 112. gr. laga nr. 21/1991.

Með vísan til allra framangreindra þátta með sérstakri áherslu á tímalengd starfs sóknaraðila, hvenær það hófst, auk raunverulegs eðlis þess þá telji sóknaraðili að krafa hans skuli njóta forgangsréttar í skilningi 1. mgr. 112. gr. laga nr. 21/1991 og með sömu rökum eins og atvikum málsins sé háttað sé ekki heimilt að beita undanþáguákvæði 3. mgr. 112. gr. laganna.

Um lagarök fyrir málskostnaðarkröfu sinni vísar sóknaraðili til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

IV

Varnaraðili byggir kröfu sína um að hafna beri launakröfu sóknaraðila sem forgangskröfu á 3. mgr. 112. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Sóknaraðili hafi gegnt stöðu framkvæmdastjóra fjármála- og upplýsingatæknisviðs hjá varnaraðila frá janúar 2008 til apríl 2009 er hann hafi verið ráðinn tímabundið sem bankastjóri varnaraðila. Samkvæmt 3. mgr. 112. gr. laga nr. 21/1991 eins og hún hafi hljóðað fyrir breytingu með 19. gr. laga nr. 95/2010 njóti hvorki þeir sem nákomnir séu þrotamanni réttar samkvæmt 1.-3. tölulíðum ákvæðisins fyrir kröfum sínum né þeir sem hafi átt sæti í stjórn eða haft með höndum framkvæmdastjórn félags eða stofnunar sem sé til gjaldþrotaskipta.

Varnaraðili fellst ekki á þá röksemd sóknaraðila að ákvæði 3. mgr. 112. gr. laga nr. 21/1991 nái eingöngu til aðila sem sinnt hafi framkvæmdastjórástöðu samkvæmt skilgreiningu 68. gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995 eða stöðu bankastjóra í tilelli bankans. Í athugasemdum við 3. mgr. 112. gr. frumvarps þess sem hafi orðið að lögum nr. 21/1991 segi að með ákvæðunum sé lagt til að tekin verði upp regla að danskri fyrirmynd til að fyrirbyggja að forráðamenn gjaldþrota félaga og menn nákomnir þrotamanni geti notið forgangsréttar fyrir kröfum sínum um vinnulaun, laun í uppsagnarfresti og orlofsfé. Af þeirri orðanotkun verði ekki ráðið að ein göngu sé átt við þann sem að forminu til sé titlaður framkvæmdastjóri í samræmi við 68. gr. hlutafélagalaga, heldur eigi ákvæðið einnig við þann forráðamann félags sem hafi raunverulega yfirmannsstöðu með höndum. Breyti þar tilkynning til hluta félagaskrár engu um.

Við mat á því hvort sóknaraðili geti fallið undir hugtakið forráðamaður verði að líta til raunverulegra áhrifa hans innan bankans, stjórnarvalds og verksviðs hans sem og launakjara og meta þannig á hlutlægan hátt hvort hann hafi haft með höndum sannanlega framkvæmdarstjórn innan bankans. Varnaraðili mótmæli því sem fram komi í greinargerð sóknaraðila að hann hafi engin áhrif haft á ákvarðanatöku um útlán, fjármögnun, aðra fjármálagerninga eða daglegan rekstur bankans og að ráðningartími hans skipti máli í því sambandi. Fyrir liggi að sóknaraðili hafi verið framkvæmdastjóri fjármálasviðs auk þess sem hann hafi setið í framkvæmdastjórn bankans og fjármálanefnd. Sem framkvæmdastjóri fjármálasviðs hafi sóknaraðili séð um daglegan rekstur þess sviðs s.s. öll mannaforráð, umsjón með bókhaldi og fjárreiðum og samskipti við viðskiptamenn. Þá hafi hlutverk fjármálanefndar samkvæmt starfsreglum sínum verið að fjalla almennt um fjármögnun bankans, fjárstýringu, stöðutöku og áhættustýringu. Sóknaraðili hafi einnig setið vikulega fundi framkvæmdastjóra bankans ásamt bankastjóra þar sem skipst hafi verið á upplýsingum um starfssvið bankans og stöðu hans almennt og ákvarðanir teknar meðal annars um stefnur og markmið í rekstri.

Í ljósi heildstæðs samningssambands aðila og þar sem sóknaraðili hafi getað haft veruleg áhrif á stefnumótun og ákvarðanatöku varnaraðila verði að telja að sóknaraðili hafi gegnt raunverulegri yfirmannsstöðu innan bankans og þannig bersýnilega haft með höndum framkvæmdastjórn varnaraðila í skilningi 3. mgr. 112. gr. laga nr. 21/1991 sem framkvæmdastjóri fjármálasviðs. Það að sóknaraðili hafi heyrt beint undir bankastjóra skipti ekki máli þegar lagt sé hlutlægt mat á hvort viðkomandi hafi gegnt raunverulegri yfirmannsstöðu.

Að mati varnaraðila gildi þessi túlkun einnig við mat á hugtökunum „nákominn“ og „stjórnun daglegs rekstrar“ í 112. gr., sbr. 3. gr. laga nr. 21/1991, svo sem ákvæðinu hafi verið breytt með lögum nr. 95/2010, þ.e. að litið sé hlutlægt á möguleg áhrif á ákvarðanatöku og raunverulegt starfssvið.

Varnaraðili vekur athygli á því að með ákvæði 1. mgr. 112. gr. laga nr. 21/1991 sé vissum kröfum skipað framfar öðrum í réttindaröð en með því sé vikið frá þeirri grundvallarreglu gjaldþrotaskiptalaganna sem kveði á um jafnræði lánardrottna við gjaldþrotaskipti. Þar sem um undantekningarreglu sé að ræða hljóti að þurfa að skýra það þröngt hverjir falli undir hana og því sé ekki hægt að fallast á sjónarmið sóknaraðila um að eingöngu framkvæmdastjórar samkvæmt 68. gr. hlutafélagalaganna falli undir ákvæðið. Leiði sú túlkun til þess að mun fleiri aðilar kunni að eiga forgangsrétt sem sé þvert á tilgang ákvæðisins.

Að öllu þessu virtu telji varnaraðili að hafna beri forgangsrétti launakröfu sóknaraðila á grundvelli 112. gr. laga nr. 21/1991 og að staðfesta beri þá niðurstöðu varnaraðila að launakrafa sóknaraðila verði eingöngu samþykkt sem almenn krafa samkvæmt 113. gr. laganna.

Kröfu sína um málskostnað styður varnaraðili við XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sérstaklega 130. gr., og kröfu sína um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun reisir hann á lögum nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

V

Eins og fram er komið er í máli þessu deilt um það hvar skipa skuli kröfu sóknar aðila í skuldaröð við slitameðferð varnaraðila. Eins og málið hefur verið lagt fyrir dóminn er ekki ágreiningur um að krafa sóknaraðila, sem ekki er sundurliðuð í málalíbúnaði hans, falli innan skilgreiningar 1. mgr. 112. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl.

Sóknaraðili reisir kröfu sína á því að krafa hans falli undir 1.-4. töluliði 1. mgr. 112. gr. laga nr. 21/1991 þar sem um sé að ræða kröfur um laun og annað endurgjald fyrir vinnu í þágu varnaraðila sem fallið hafi í gjalddaga á síðustu átján mánuðum fyrir frestdag auk launagreiðslna á uppsagnarfresti, orlofs- og lífeyrissjóðsgreiðslna. Áður en málið var sent til úrlausnar dómsins komust aðilar að samkomulagi um endanlega fjárhæð kröfunnar en af bókun skiptafundar 11. desember 2009 má ráða að einkum hafi verið tölulegur ágreiningur um orlof og líf eyrissjóðsgreiðslur. Þar sem aðilar hafa náð saman um fjárhæð kröfunnar verður lagt til grundvallar að það sé sú fjárhæð sem sóknaraðili geti krafist varnaraðila um vegna vangreiddra launa og vangreiddra orlofsgreiðslna, sbr. 1.-3 töluliðir 1. mgr. 112. gr. laga nr. 21/1991 og eru því ekki efni til að fjalla um það hvort sóknaraðili eigi aðild að kröfu um greiðslu í lífeyrissjóð á grundvelli 4. töluliðar ákvæðisins.

Varnaraðili hefur hafnað forgangsrétti kröfu sóknaraðila á grundvelli 3. mgr. 112. gr. laga nr. 21/1991. Byggir varnaraðili afstöðu sína til kröfunnar á því að sóknaraðili hafi gegnt stöðu framkvæmdastjóra fjármála- og upplýsingatækni viðs hjá varnaraðila frá janúar 2008 til apríl 2009 og falli hann því undir þá sem tilgreindir séu í ákvæðinu. Njóti krafa sóknaraðila því rétt hæðar sem almenn krafa samkvæmt 113. gr. laganna við slitameðferð varnaraðila.

Um rétt hæð kröfu sóknaraðila er þess að gæta að samkvæmt 3. mgr. 112. gr. laga nr. 21/1991, eins og hún hljóðaði fyrir breytingu með 19. gr. laga nr. 95/2010, gat sá sem hafði með höndum framkvæmdastjórn félags eða stofnunar sem er til

gjaldþrotaskipta ekki notið forgangsréttar fyrir kröfum sínum sem ella hefði verið skipað í réttindaröð samkvæmt 1., 2., eða 3. tölulið 1. mgr. 112. gr. laganna. Í 3. mgr. 112. gr. laganna var ekki rætt um starfsheiti þeirra sem ákvæðið tók til heldur náði það samkvæmt orðanna hljóðan til þeirra sem fóru með framkvæmdastjórn félags eða stofnunar. Ákvæði þetta var nýmæli frá því sem gildi fyrir setningu laganna. Kemur fram í greinargerð með lögnum að lagt sé til að tekin verði upp regla að danskri fyrirmynd til að fyrirbyggja að forráðamenn gjaldþrota félaga og menn nákomnir þrotamanni geti notið forgangsréttar fyrir kröfum sínum um vinnulaun, laun í uppsagnarfresti og orlofsfé. Sambærileg takmörkun hafi ekki verið til staðar í eldri lögum sem hafi stundum leitt til mjög óeðlilegra niðurstaðna í framkvæmd. Af framangreindu verður ráðið að ekki sé eingöngu átt við þann sem að forminu til er titlaður framkvæmdastjóri í samræmi við 68. gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995 og tilkynntur sem slíkur til hlutafélagaskrár, heldur eigi ákvæðið einnig við þann forráðamann félags sem hefur raunverulega yfirmannsstöðu.

Samkvæmt ráðningarsamningi sóknaraðila við varnaraðila var hann ráðinn til að gegna starfi framkvæmdastjóra fjármála- og upplýsingatækni sviðs hjá varnaraðila en samkvæmt ráðningarsamningi heyrði staðan undir bankastjóra í skipuriti bankans og skyldi sóknaraðili hafa náð samráð við hann um málefni sviðsins. Þá segir í ráðningarsamningnum um helstu hlutverk framkvæmdastjórans að hann stjórnir daglegri starfsemi bankans í þeim málaflokkum sem undir sviðið falla samkvæmt skipuriti bankans og í samræmi við stefnu og markmið hans hverju sinni. Þá taki hann þátt í að móta stefnu bankans, markmið og áætlanir á sviðinu og hrindi þeim í framkvæmd. Hann sinni samskiptum við viðskiptamenn og afli nýrra viðskiptamanna. Þá hafi hann frumkvæði að nýjungum sem séu til þess fallnar að auka tekjur bankans á sviðinu í samræmi við stefnu hans og markmið hverju sinni, bæti þjónustuna og auki hagkvæmni í starfseminni. Framkvæmdastjórinn taki þátt í að móta verklagsreglur og verkferla á sviðinu í því skyni að tryggja gæði og hagkvæmni í starfseminni og hann sinni starfsmannastjórnun á sviðinu í samræmi við stefnu bankans í starfsmannamálum og í náinni samvinnu við starfsmannþjónustu bankans. Í því felist meðal annars að hvetja starfsfólk til dáða og laða fram styrkleika þess, halda uppi aga á sviðinu, fylgjast með mætingu og ástundun starfsfólks, halda reglulega starfsmannafundi, skipuleggja orlof starfsfólks sinna reglulegum starfsmannasamtölum, leggja mat á frammistöðu starfsfólks og ákveða laun þess.

Sóknaraðili átti sæti í fjármálanefnd bankans. Samkvæmt starfsreglum fjármálanefndar frá 3. júlí 2008 var hlutverk hennar aðallega að fjalla almennt um fjármögnun bankans, fjárstýringu, stöðutöku og áhættustýringu en hún gat fjallað um mál að eigin frumkvæði eða mál sem beint var til hennar. Var hlutverk hennar þó aðeins ráðgefandi en ákvörðunarvaldið í málum sem fjallað var um á vettvangi hennar réðist af öðrum reglum og samþykktum bankans og var einkum í höndum bankastjóra, staðgengils hans eða einstakra framkvæmdastjóra í samræmi við vald heimildir sem bankastjóri hefði framselt til þeirra.

Þá sat sóknaraðili sérstaka framkvæmdastjórafundi sem haldnir voru reglulega. Af gögnum málsins má ráða að á þeim fundum hafi einkum verið rætt um rekstrarmálefni bankans, rekstrarstöðu og uppgjör og á fundunum fór fram almenn upplýsingagjöf auk þess sem þar var vettvangur til mótunar starfsmannastefnu bankans.

Eins og áður greinir þarf starfsheitið eitt og sér ekki að ráða því hvort sóknaraðili falli undir þá sem greinir í 3. mgr. 112. gr. laga nr. 21/1991 heldur verður að líta til frekari þátta við ákvörðun á því hvort sóknaraðili geti fallið undir það að verða talinn hafa verið forráðamaður hjá varnaraðila, s.s. möguleika hans til áhrifa innan bankans, stjórnunarheimilda, verksviðs og launakjara.

Sóknaraðili hefur mótmælt því að allt það sem talið er upp í 2. gr. ráðningarsamnings hans um helstu verkefni framkvæmdastjóra fjármála- og upplýsingatæknisviðs hafi í raun verið verkefni hans en óumdeilt er að sóknaraðili var yfirmaður á því sviði sem hann gegndi forstöðu og fór hann þar með almennar stjórnunarheimildir yfir starfsfólki og gat meðal annars ákveðið laun þess, sbr. niðurlag 2. gr. ráðningarsamnings. Þá liggur fyrir að meðal verkefna sóknaraðila var að stýra þeim deildum sem undir hans svið féllu, s.s. hagdeild sem sá um miðlun upplýsingagjafar til opinberra aðila og eftirlitsstofnana og reikningshalds- og bókhaldsdeild bankans sem sá meðal annars um uppgjör. Þá bar hann ábyrgð á því að til staðar væri ferli hjá varnaraðila sem tryggði að reikningar vegna rekstrarútgjalda væru sendir viðeigandi einstaklingi til áritunar og jafnframt bar hann ábyrgð á að ekki væru greiddir reikningar án áritunar, sbr. reglur um samþykki ár rekstrarútgjöldum dagsettar 20. maí 2008.

Enda þótt ekki hafi verið teknar ákvarðanir um útlán eða markaðsviðskipti bankans á því sviði sem sóknaraðili veitti forstöðu þá þykir ljóst að mikilvægar upplýsingar um rekstrarafkomu varnaraðila hljóti að hafa komið fram í bókhaldi og uppgjöri varnaraðila enda var það eitt af hlutverkum sóknaraðila að mæta á bankaráðsfundi til að skýra uppgjör innan varnaraðila. Þá gefur seta sóknaraðila á framkvæmdastjórafundum og í fjármálanefnd til kynna að hann hafi verið í stöðu til að geta haft áhrif á stefnumótun innan bankans enda þótt ekki verði fullyrt að slíkar ákvarðanir hafi verið teknar á þeim vettvangi á þeim tíma sem sóknaraðili gegndi stöðu framkvæmdastjóra. Að auki þykja laun sóknaraðila hjá varnaraðila meðan hann gegndi stöðu framkvæmdastjóra í samanburði við þau laun sem hann hlaut samkvæmt ráðningarsamningi sínum sem bankastjóri hjá varnaraðila, sem námu 1.500.000 króna, renna stóðum undir það að staða sóknaraðila sem framkvæmdastjóra hafi verið meðal æðstu stjórnenda varnaraðila. Fær það einnig stoð í skipuriti fyrir varnaraðila og framburði fyrrum bankastjóra varnaraðila fyrir dómi, Agnars Hanssonar.

Með vísan til þess sem að framan er rakið um störf sóknaraðila þykir ljóst að hann hafði raunverulega yfirmannsstöðu með höndum hjá varnaraðila. Þykir engu breyta þar um hversu lengi sóknaraðili starfaði sem framkvæmdastjóri hjá varnaraðila eða sú staðreynd að hann hafi verið ráðinn af bankastjóra varnaraðila og heyrt beint undir hann. Þá verður ekki séð að ákvæði 1. mgr. 65. gr. hlutafélagalaga þar sem segir að stjórn skuli ráða einn til þrjá framkvæmdastjóra nema kveðið sé á um fleiri framkvæmdastjóra í samþykktum félags breyti nokkru um þetta mat. Sóknaraðili hefur fullyrt að hlutverk þeirra deilda sem hann stýrði hafi aðeins verið lítið brot af heildarumsvifum varnaraðila. Eru fullyrðingar þessar engum haldbærum gögnum studdar og verður sóknaraðili að bera af því allan halla. Hefur sóknaraðila ekki tekist að sýna fram á það að hann hafi ekki haft með höndum raunverulega yfir mannsstöðu hjá varnaraðila.

Með vísan til þess sem að framan er rakið nýtur krafa sóknaraðila því ekki forgangs réttar samkvæmt 1. mgr. 112. gr. laga nr. 21/1991, sbr. 3. mgr. 112. gr. laganna og ber því að hafna kröfu hans og staðfesta afstöðu slitastjórnar varnaraðila til kröfu hans.

Þrátt fyrir þessa niðurstöðu þykir eftir atvikum rétt að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.

Af hálfu sóknaraðila flutti málið Guðmundur Ingví Sigurðsson hdl. en af hálfu varnaraðila flutti málið Berglind Svavarsdóttir hrl.

Greta Baldursdóttir héraðsdómari kveður upp úrskurðinn.

Ú R S K U R Ð A R O Ð

Krafa sóknaraðila, Sveins Andra Sveinssonar, að fjárhæð 4.518.978 krónur er viður kennd sem almenn krafa við slitameðferð varnaraðila, Sparisjóðabanka Íslands hf., en hafnað er að viðurkenna hana sem forgangskröfu.

Málskostnaður fellur niður.

Greta Baldursdóttir

